

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Fljótsdalshérað Tjarnarland



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	4.9.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fljótsdalshérað	Eftirlitsmaður	Helga Hreinsdóttir
Heimili	Lyngási 12	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4810043220	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnlaugur Rúnar Sigurðsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni. Urðunarhólf fyrir sláturúrgang hefur ekki verið útbúið þrátt fyrir framlengdan frest, hrámolta hefur ekki verið loftuð, sauðfé var innan girðingar og flokkun á timbri til endurvinnslu þarf að bæta.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um.

Gengið var um urðunarstaðinn í fylgd með skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs og einnig var hringt í verktaða á staðnum til að fá upplýsingar.

Í samtölum og í yfirferð starfsleyfis kom eftirfarandi fram:

- Engin mengunaróhöpp hafa verið tilkynnt frá síðustu eftirlitsferð.
- Rennslismælingar eru framkvæmdar mánaðarlega.
- Skýrslur skv. gr. 5.4 í starfsleyfi hafa verið sendar eftirlitsaðilum vegna ársins 2016.
- Ný urðunarrein, á svæði 1, hefur verið tekin í notkun enda er svæði 2 að verða fullnýtt.

Við skoðun á vettvangi kom kom m.a. fram eftirfarandi:

- Urðunarstaðurinn var þokkalega hreinlegur, hlið lokuð og að jafnaði höfð læst.
- Búið er að útbúa fráveituskurð vestan við urðunarstaðinn. Skurðurinn er 5-6 m djúpur og virðist ná niður á klöpp, a. m.k. á nokkrum stöðum. Lítið rennsli var í skurðinum og var hann þurr syðst.
- Ekki er búið að útbúa gryfju fyrir lífrænan úrgang.
- Tvær kindur voru inni á urðunarsvæðinu og ummerki um að fé hafi verið þar. Girðingar voru góðar að norðan, en rafmagnsgirðingar sunnan og neðan við urðunarstaðinn þarf líklega að yfirfara.
- Tvær urðunarreinar voru í notkun. Á svæði 1 er byrjað að urða heimilisúrgang og á svæði 2 er rein fyrir blandaðan úrgang. Heimilisúrgangur var vel hulin og ekki sýnilegt rusl þar, en grunnvatn virtist nokkuð hátt. Verktaki gerir nú tilraunir með að hylja grófan úrgang með netum en þau þurfa að ná yfir allan úrganginn til að tryggja að ekki komi til foks.
- Í bland við grófan úrgang var nokkuð af ómeðhöndluðu timbri sem æskilegt er að endurnýta frekar en urða.
- Lítilsháttar var af úrgangi uppúr urðunarstaðnum og einnig lítilsháttar af fokefni í kringum staðinn.
- Hrámolta var flutt á urðunarstaðinn og sett í tvo múga þar sem eldri haugurinn var kominn í rétta hæð. Þetta var gert árið 2015 að höfðu samráði við Umhverfisstofnun og í gildandi starfsleyfi er heimild til áframvinnslu og geymslu á moltu. Moltan hefur ekki verið hreyfð og múgarnir eru orðnir allgrónir. Heimild í gr. 2.8 í starfsleyfis um áframvinnslu moltu er ekki notuð.
- Á þeim hluta urðunarsvæðisins sem er búið að koma í rétta hæð eru geymd heyvinnslutæki, hestakerra og heyyaggar auk þess sem Vegagerðin hefur geymt mól á svæðinu. Tækin eru líklega í eigu verktaka sem einnig er landeigandi. Auk þessa er nú geymdir nokkrir stórsekkir af sandblásturssandi í eigu Landsvirkjunar. Beðið er eftir niðurstöðum efnamælinga sem sýna hvort hann flokkast sem spilliefni eða hvort heimilt er að urða sandinn á staðnum.

### Frávik frá

Gr. 2.1 í starfsleyfi

### Lýsing á frávik

Í gr. 2.1 í starfsleyfi kemur fram að svæðið skuli vera afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Ummerki voru um sauðfé inni á urðunarsvæðinu og tvær kindur voru innan girðingar.

Gr. 2.8 í starfsleyfi

Í niðurlagi gr. 2.8 í starfsleyfi segir að halda skuli skrá yfir áframvinnslu hrámoltu, aðferðir við loftun, hvenær loftun fer fram o.þ.h. Múgar af hrámoltu hafa ekki verið loftaðir. Timburkurl sem sett var yfir er nánast horfið í gróður. Í eftirlitsskýrslu var gerð aths. við þetta atriði en það breytist í frávík, þar sem ekki hefur verið tekið tillit til athugasemdarinnar

Gr. 2.10 í starfsleyfi

Í gr. 2.10 í starfsleyfi er kveðið er á um að endurnóta og endurnýta skuli úrgang ef kostur er. Grófur úrgangur sem losaður var í urðunarrein var blandaður ómeðhöndluðu timbri sem hægt er að flytja til endurvinnslu.

Gr. 3.3 í starfsleyfi um sigvatn undan urðunargryfju fyrir sláturúrgang, úrbótaáætlunum frá 14.10.2015 og 25.11.2016.

Urðunarhólf fyrir sláturúrgang hefur ekki verið útbúið og þ.a.l. ekki heldur sýnatökubrunnur fyrir sigvatn frá því Skv. seinustu úrbótaáætlun átti að ljúka því um áramótin 2016/17. Í eftirlitsskýrslu ársins 2016 var sama frávík skráð.


#### **ATHUGASEMDIR**

Engin athugasemd var gerð í eftirlitinu.

28.09.2017

**1** Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.



Guðbjörg Stella Árnadóttir